



Æskulýðsskýrsla Fáks - 2013



Það er ekki amalegt fyrir Fák að hafa annan eins dugnaðarhóp og Æskulýðsnefndin er... þó við segjum sjálf frá 😊 Við höfum gaman að því sem við erum að gera, að hittast, vera saman og síðast en ekki síst starfa með öllum þessum frábæru krökkum. Félag getur aldrei verið sterkara og skemmtilegra en fólkið sem í því er.

Æskulýðsnefnd 2012-2013:

Ásta Friðrika Björnsdóttir, formaður

Elínborg Sigurgeirsson

Hilmar Guðmannsson

Ólafur Þ. Kristjánsson

Rakel Sigurhansdóttir

Rúnar Sigurjónsson

Unnur Gréta Ásgeirsdóttir

Þórunn Eggertsdóttir

Hugarflugsfundur

Í október héldum við opinn fund með börnum, unglingum og fjölskyldum en ætlunin var að fá þau með í að skipuleggja æskulýðsstarf komandi vetrar. Þar sem að þau yrðu hugmyndasmiðir að dagskránni en ekki við í æskulýðsnefndinni. Á fundinum kom margt gagnlegt og skemmtilegt fram og höfðu börnin mjög miklar skoðanir á því hvað þau vildu gera en rauði þráðurinn í þeirra óskum voru kappreiðar á öllum gangtegundum, keppni, fjör og læti. Þau vildu fleiri sameiginlega útreiðartúra og í raun fleiri ástæður til þess að hittast. Ákveðið var að með fyrstu verkum komandi vetrar væri „sleep over“ í Reiðhöllinni.

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar

Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar var haldin með stæl um miðjan nóvember, mætingin var góð og stemningin mikil þegar Blár Opal steig á svið og skemmti. Eftirtaldir afreksknappar voru heiðraðir: Gústaf Ásgeir Hinriksson, Arnór Dan



Kristinsson, Rúna Tómasdóttir, Rakel Jónsdóttir, Nína María Hauksdóttir, Snorri Egholm Þórsson, Ylfa Guðrún Svafarsdóttir, Ásta Margrét Jónsdóttir, Arnar Máni Sigurjónsson, Selma María Jónsdóttir, Marianna Sól Hauksdóttir og Margrét Hauksdóttir.

Ragnar Tómasson og Rúna Tómasdóttir veittu viðurkenningu, úr Minningarsjóði Tómasar Ragnarssonar, þeim unglingi sem þótt hefur skarað fram úr m.a. með góðum árangri í keppni, verið góður félagi og ekki síst góð fyrirmynd. Þessi viðurkenning verður veitt á ári hverju en í ár hlaut Gústaf Ásgeir Hinriksson viðurkenninguna.

Fyrir í sumar hlaut Snorri Egholm Þórsson Reiðmennskuverðlaun FEIF en hann var ásamt fleiri íslenskum unglingum á YouthCup í Þýskalandi. Þetta er ein mesta viðurkenning sem nokkur knapi getur fengið og erum við afar stolt af því að það sé Fáksfélagi sem hlýtur hana fyrstur allra íslenskra unglinga.

Hóhóhó

Á milli jóla og nýárs hældum við jólaball í Félagsheimilinu, en það gerði stormandi lukku. Gengið var í kringum jólatréð og sungið hátt og snjallt. Jólasveinninn mætti að sjálfsgöðu og gladdi börnin með sprelli og góðgæti. Svo vel tókst til að ákveðið var að þetta yrði árlegur viðburður.



„Sleep over“

Í byrjun janúar stóðum við fyrir „sleep over“ í veislusalnum í Reiðhöllinni. Við byrjuðum á því að borða saman, fórum í leiki, notuðum svo Reiðhöllina fyrir fjörið og til að fá útrás fyrir hreyfigleðina en þar fóru krakkarnir meðal annars í fótbolta. Það runnu á okkur nefndina tvær grímur þegar að við áttuðum okkur á því hvað við vorum búin að koma okkur út í þegar fjörið stóð sem hæst... en allt fór þetta vel enda var nú svo sem ekki við öðru að búast. Við ætlum okkur að endurtaka leikinn næsta vetur, en þá er bara spurning hvort að Reiðhöllin dugi til...? ☺

Riddaranámskeið

Hið eiginlega vetrarstarf hófst svo í lok janúar þegar að flestir voru búnir að taka inn og járna á nýju, fínu Kerckhaert skeifurnar sínar ;-). Þá buðum við upp á mjög skemmtilegt Riddaranámskeið sem gjörsamlega sló í gegn!

Inga María kenndi krökkunum og kveikti hressilega á villingunum og var það einlæg ósk þeirra allra að hafa Riddaranámskeið helst allan næsta vetur.



Keppnisnámskeið og knapamerki

Í byrjun febrúar hófust keppnisnámskeið fyrir börn og unglinga. Stóðu námskeiðin yfir vel fram á vor og þóttu þau takast mjög vel til. Kennarar voru þau Silvía Sigurbjörnsdóttir og Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Almenn ánægja var með þessi námskeið.

Knapamerkin voru kennd í vetur eins og undanfarin ár og er gaman að því hvað þau verða sífellt vinsælli.

Æskulýðsreiðtúrar

Í byrjun árs hófum við að fara í reglulega æskulýðsreiðtúra, upphaflega stóð til að fara einu sinni í mánuði en eftir því sem leið á veturinn urðu reiðtúrnir vinsælli og vegna mikils þrýstings frá krökkunum þá fjölguðum við þeim. Útreiðartúrnir byrjuðu frekar rólega en eftir því sem að hrossin komust í betra form og veðrið varð skárri þá var farið í lengri túra. Í hverjum útreiðartúr voru alltaf nokkrir fulltrúar frá Æskulýðsnefnd.

Slaktaumatöltsnámskeið

Í byrjun febrúar var Rúna Einarsdóttir með mjög skemmtilegt slaktaumatöltsnámskeið en það var fyrir allan aldur. Talsverður áhugi var hjá unga fólkinu okkar og gaman er að sjá hversu mikil vakning er fyrir slaktaumatölti.

Barnareiðnámskeið

Almenn barnareiðnámskeið hófust um miðjan febrúar. Kennarar voru þær Sif Jónsdóttir og Hjörný Snorradóttir. Þau námskeið voru vinsæl að venju og tókust vel. Gaman verður að fylgjast með þessum duglegu og efnilegu knöpum á næstu árum.

Mótaröð

Sú nýbreytni var hjá Fákni í vetur að vera með innanhúss mótaröð sem höfðaði ekki síst til krakkanna. Tveir flokkar voru í boði fyrir ungu kynslóðina, 16 ára og yngri minna vanir og 16 ára og eldri meira vanir. Keppnisgreinar voru eftirfarandi: tvígangur, þrígangur, smali og tölt. Stemningin á pöllum fór vaxandi með hverju mótinu og verður gaman að fylgjast með nýrri og öflugri mótaröð á komandi vetri því krakkarnir eru mjög spennt fyrir þessari mótaröð (einföld keppni, safna stigum osfrv).



Bingó

Í mars héldum við hið árlega fjölskyldubingó í Félagsheimilinu en það er alltaf jafn skemmtilegt. Vinningarnir voru glæsilegir og ekki af skorum skammti.... það dugði okkur varla kvöldið til að koma út öllum þessum flottu og fjölbreyttu vinningum. Pizzur og gos var selt í hléi gegn vægu gjaldi. Bingóið er ómissandi þáttur í vetrarstarfi Fáks og er sjálfsagt sá viðburður sem er búinn að lifa lengst.



Æfingar í slaufureið

Fákur bauð upp á æfingar í slaufureið í allan vetur fyrir þá krakka sem höfðu áhuga, þeim að kostnaðarlausu. Yfirreiðkennari Fáks, Sigrún Sigurðardóttir, sá um þjálfun. Voru þessar æfingar vel sóttar og afraksturinn var sýndur á sýningunni Æskan og hesturinn.

Myrkraverk

Þær Sigrún Sigurðardóttir og Rakel Katrín Sigurhansdóttir voru með æfingar fyrir eldri krakkana fyrir mjög metnaðarfulla töltslaufusýningu sem riðin var í myrkri, með „glow-stick“ á knöpum og hestum. Krakkarnir sýndu Myrkraverkið á Stórsýningu Fáks, en óhætt er að segja að það hafi slegið rækilega í gegn og varð flottasta atriði sýningarinnar að öllum öðrum ólöstuðum.

Vetrarleikar, Firmakeppni og Almennadalsmót

Tvennir vetrarleikar voru haldnir í vetur á Hvammsvellinum. Góð þátttaka var og þá sérstaklega í pollaflokki en sú nýbreytni var að litlu snillingarnir, pollarnir, sýndu hvað í þeim býr í Reiðhöllinni og er óhætt að segja að framtíðin sé mjög björt frá Faki.

Að venju var Firmakeppnin haldin Sumardaginn fyrsta en þá var einnig opinn dagur í Faki þar sem að Fáksmenn opnuðu hesthús sitt fyrir gestum og gangandi og var börnum meðal annars boðið á hestbak.

Almennadalsmótið var haldið í þriðja sinn og tókst það mjög vel.

Grillmeistarar Fáks sýndu mikla takta í vetur þar sem að farið var með grillvagninn um víðan völl... grillað var hér og þar í hverfinu í boði Fáks.



Hestadagar í Reykjavík

Hestadagar í Reykjavík voru haldnir í annað sinn dagana 4. – 7. apríl en fjórir ungir knapar úr Fáki voru við setningu þeirra. Þær Ásta Margrét og Ylfa Guðrún, voru fengnar til þess að aka Jóni Gnarr borgarstjóra í gömlum hestvagni um miðborg Reykjavíkur en þær voru búnar að vera að æfa sig og hestinn Gamm fyrir Stórsýningu Fáks. Snorri Egholm og Arna Ýr riðu á eftir vagninum með fána félagsins. Þetta atriði tókst mjög vel og aldrei þessu vant lét sólin sjá sig þennan dag.



Á laugardegnum var hópreið í miðbænum, sem var vel sótt af Fáksbörnum á öllum aldri ásamt fjölda góðra hestamanna.

Sýningin Æskan og hesturinn var síðan lokaatriði hestadaga á sunnudeginum. Haldnar voru tvær vel sóttar sýningar þar sem mikill metnaður var lagður í hvert atriði hjá öllum þeim sem að sýningunni stóðu. Fákskrakkar voru í fjölmörgum atriðum og stóðu sig frábærlega vel.

Líflandsmót

Um miðjan apríl var okkar eina sanna Líflandsmót haldið. Mótið var stórt að vanda og fór mjög vel fram en metskráning var og rétt náðum við að klára það á einum degi. Mótið stóð yfir í 13 klukkutíma, vangaveltur eru um að gera það að tveggja daga móti í framtíðinni. Dregið var út eitt nafn þátttakenda á mótinu og hlaut sá hinn sami hnakk með öllum fylgihlutum, en Lífland gaf hann ásamt öllum verðlaunum. Viljum við þakka Líflandi fyrir stuðninginn nú sem áður fyrr.

Til gamans má geta að þegar við hófum þetta mót, sem þá hét MR-mótið, fyrir 17 árum síðan þá var þetta fyrsta „alvöru“ mótið sem haldið var eingöngu fyrir börn, unglinga og ungmenni.

Hreinsunardagur

Það má segja að hreinsunardagur Fáks hafi verið haldinn hátíðlegur að þessu sinni. Við náðum að virkja æskulýðinn með okkur að týna rusl víðsvegar um svæðið okkar. Eftir átökin var haldin grillveisla í Reiðhöllinni en þar létu margir, þreyttir ruslakallar sjá sig. Heilu fjölskyldurnar mættu á svæðið og týndu, hreinsuðu og snyrtu í kringum sig og borðuðu svo allir í lokin hjá fyrrnefndum grillmeisturum. Þvílíkur dugnaður! Hoppukastali var í reiðhöllinni fyrir yngsta fólkið.

Reykjavíkurmót Fáks

Hið risastóra Reykjavíkurmót var haldið með glæsibrag í byrjun maí í kulda og trekki. Allir vettlingi gátu valdið lögðu hönd á plóg, því að mikil vinna er að halda svona stórt mót. Krakkarnir voru duglegir við að rita og aðstoða við hin ýmsu störf, ásamt því að keppa en þau stóðu sig öll með sóma.

Íslandsmót yngri flokka á Akureyri

Í byrjun júlí bauð Fákur þeim sem stefndu að því að keppa á Íslandsmóti upp á tilsögn. Þar sem að Rúna Einarsdóttir og Þórir Örn Grétarsson sögðu krökkunum til og hjálpuðu þeim að leggja línurnar þar sem að Íslandsmót er með öðru sniði en hin hefðbundnu íþróttamót, hver knapi sýnir sitt prógram og er einn inni á keppnisvellið í einu.

Keppnisáhugi hefur aukist mikið hjá Faki undanfarin ár, krakkarnir hafa æft mikið og sýnt miklar framfarir í reiðmennsku. Því ber ekki síst að þakka góðu utanumhaldi, frábærum reiðkennurum, þjálfurum og áhugasömum foreldrum og fylgihlutum. Á Íslandsmóti yngri flokka á Akureyri stóðu Fáks krakkarnir sig frábærlega en þau röðuðu sér í öll úrslit, og oftast en ekki fleiri en eitt. Fákur styrkti börn og unglinga til fararinnar með ferðastyrk fyrir hvern keppanda.

Fáks ungmenni á HM

Á heimsmeistaramótinu í sumar áttum við Fáksmenn 4 ungmenni af 5 í landsliði Íslands. Þau stóðu sig öll rosalega vel og voru glæsilegir fulltrúar Íslands og erum við afar stolt af þessum flottu knöpum.





Að lokum

Við í Æskulýðsnefnd Fáks viljum þakka þeim sem styrktu okkur á einn eða annan hátt, lögðu til vinnu, ýmsa góða aðstoð og gjafir. Viljum við einnig þakka öllum þeim sem stóðu með okkur í vetur, í blíðu og stríðu. Öll þessi góða hjálp auðveldaði okkur að verða við óskum krakkanna um fróðlegt, líflegt og umfram allt frábærlega skemmtilegt vetrarstarf. Án ykkar væri þetta ekki hægt og það má með sanni segja að okkur hlakki til að takast á við verkefni komandi vetrar.

Kær kveðja,

F.h. Æskulýðsnefndar Fáks

Ásta Friðrika Björnsdóttir